

Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 2 starfsárið 2016 – 2017

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 26. janúar 2017, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Einar Már Sigurðarson, Eyjólfur Sigurðsson, Arnaldur Sigurðsson, Lárus Heiðarsson, Þorbjörg Sandholt, Vilhjálmur Jónsson og Jakob Sigurðsson. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Svæðisskipulag Austurlands. Gestur: Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnisstjóri svæðisskipulags Austurlands. SSP kynnti hugmyndir svæðisskipulagsnefndar um gerð samgönguáætlunar Austurlands sem hluta af svæðisskipulagi fyrir svæðið. Hann falaðist eftir samstarfi við samgöngunefnd. Því var vel tekið og samþykkt að bjóða SSP til komandi funda nefndarinnar, m.a. með vegamálastjóra í febrúar.
3. Áherslur samgöngunefndar á starfsárinu. Samþykkt að nefndin mun leggja megin áherslu á eftirtalda málaflokka; ljósleiðaravæðing (ljósleiðaraáætlun Austurlands), innanlandsflug (almenningsamgöngur/verðlagning) og samgönguáætlun fyrir Austurland (í tengslum við vinnu við svæðisskipulag Austurlands). Formanni og verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að setja upp verk- og tímaáætlun fyrir nefndina.
4. Framlög til styrkvega. Lagt fram til kynningar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að óska eftir þeim reglum sem gilda við úthlutun styrkja til styrkvega.
5. Trúnaður um störf samgöngunefndar. Starfsreglur stjórnar SSA lagðar fram til kynningar. Mat stjórnar að sömu grunnreglur gildi um samgöngunefnd. Formaður kynnti drög að sérstökum starfsreglum fyrir nefndina. Drögin samþykkt samhljóða og leggur nefndin til við stjórn SSA að reglurnar verði samþykktar.
6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.11.

